

## Svar

### forseta Alþingis við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um ferðakostnað alþingismanna.

1. Hver var mánaðarlegur og árlegur ferðakostnaður alþingismanna á árunum 2013–2016, skipt eftir kjördæmum viðkomandi en flokkaður eftir fargjaldi innan lands, dvalarkostnaði innan lands, leigubílum, bílaleigubílum og akstri samkvæmt akstursdagbók? Óskað er eftir að flokkun sé hlutlaus.

#### Árlegur ferðakostnaður alþingismanna á árunum 2013–2016.

	2013	2014	2015	2016
<i>Fargjöld innanlands</i>				
Reykjavík norður	165.027	462.042	278.345	230.390
Reykjavík suður	46.974	365.886	364.749	175.099
Suðvestur	208.248	319.760	340.685	60.035
Norðvestur	1.555.771	1.762.351	1.782.663	2.002.071
Norðaustur	5.364.100	5.373.206	6.913.434	7.154.568
Suður	424.127	903.524	651.096	662.536
<i>Dvalarkostnaður innanlands</i>				
Reykjavík norður	192.028	384.486	287.034	51.620
Reykjavík suður	34.879	185.700	187.733	168.158
Suðvestur	274.942	484.816	328.849	55.711
Norðvestur	397.130	444.758	590.491	438.708
Norðaustur	680.863	877.848	1.048.889	723.805
Suður	92.090	442.323	134.180	274.926
<i>Leigubifreiðar</i>				
Reykjavík norður	3.500	12.850	7.050	11.140
Reykjavík suður	0	1.450	0	1.700
Suðvestur	0	10.200	14.170	0
Norðvestur	35.680	16.240	17.650	5.790
Norðaustur	191.299	125.090	119.860	156.375
Suður	0	4.450	7.630	5.150
<i>Bílaleigubifreiðar</i>				
Reykjavík norður	72.485	128.760	0	0
Reykjavík suður	0	71.334	20.084	0
Suðvestur	230.488	170.328	149.333	8.101
Norðvestur	1.127.196	1.301.225	5.334.129	6.135.923
Norðaustur	3.873.404	4.221.594	5.075.967	5.678.689
Suður	17.307	293.151	174.127	8.301

	2013	2014	2015	2016
<i>Endurgreiðsla samkvæmt akstursbók</i>				
Reykjavík norður	61.596	519.912	309.024	406.230
Reykjavík suður	1.482.527	1.463.688	1.662.860	1.940.070
Suðvestur	338.488	696.928	1.041.076	326.260
Norðvestur	14.643.596	16.347.271	6.286.760	3.952.014
Norðaustur	5.803.975	6.841.441	5.475.884	5.787.284
Suður	19.706.595	24.260.962	21.870.764	22.245.102
<i>Annar akstur, m.a. veggjald í Hvalfjarðargöng</i>				
Reykjavík norður	2.000	0	6.000	2.000
Reykjavík suður	11.350	4.000	6.000	20.350
Suðvestur	0	6.000	4.000	0
Norðvestur	265.515	356.374	145.578	397.280
Norðaustur	23.050	19.970	16.000	17.582
Suður	6.000	19.633	15.000	7.000

2. *Hversu marga kílómetra óku þingmenn samkvæmt akstursdagbók á fyrrgreindu árabili og hver er heildarkostnaður samkvæmt almennu gjaldi, sérstöku gjaldi og torfærugjaldi, flokkað eftir fjölda þingmanna og kjördæmum?*

***Ekniir kílómetrar samkvæmt akstursdagbók.***

	2013	2014	2015	2016
Reykjavík norður	13.310	12.710	14.335	17.637
Reykjavík suður	531	4.485	2.664	3.693
Suðvestur	2.918	6.008	8.969	2.966
Norðvestur	140.981	154.958	57.153	38.940
Norðaustur	54.474	61.832	49.384	55.463
Suður	184.921	232.865	205.180	224.322

3. *Hver var mánaðarlegur og árlegur aksturskostnaður sérhvers þeirra þriggja þingmanna sem fengu hæstu greiðslurnar samkvæmt aksturskýrslu á fyrrgreindu árabili í hverju kjördæmi?*

Skrifstofa þingsins fær á hverju ári margar nær samhljóða fyrirspurnir um endurgreiðslu ferðakostnaðar innan lands til einstakra þingmanna. Þeim hefur verið svarað sem næst með þessum orðum:

Akstur einstakra þingmanna innan lands fer eftir mjög skýrum reglum sem eru opinberar og öllum aðgengilegar. Umfang hans og kostnaður er rakinn í fyrri liðum þessa svars. Litið er svo á að hann tengist starfi alþingismanna fyrir umbjóðendur, varði samband þeirra við kjósendur og sé því þeirra mál eins og ýmislegur annar kostnaður við starf þingmanna. Þess vegna hafa almennt ekki verið veittar persónugreinanlegar upplýsingar um þessar endurgreiðslur með hliðsjón af 9. gr. upplýsingalaga. Skrifstofan hefur því ekki unnið sérstaklega úr bókhaldi þingsins yfirlit yfir akstur hvers og eins þingmanns til birtingar heldur aðeins takið saman heildarkostnað af akstri þingmanna samkvæmt endurgreiddum reikningum. Endurskoðun á þessum kostnaði, eins og öðru í bókhaldi Alþingis, er á vegum Ríkisendurskoðunar.